

Tilmæli 8/2024
Tillaga A 1965/PRE
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit um svar við tilmælum 8/2024 um aukið samstarf milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (A 1965/PRE)

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 8/2024 um aukið samstarf milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og álit á afgreiðslu þeirra *lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að efla samstarf sitt og samskipti við ríkisstjórnir Eystrasaltslanda í þeim tilgangi að efla efnahag, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt landanna.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Ríkisstjórnir Norðurlandanna eru sammála þeirri skoðun Norðurlandaráðs að nánara og öflugra samstarfs Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sé mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr, ekki síst í ljósi árársar Rússlands á Úkraínu og óvissu í heimsmálum. Þess vegna er einnig sameiginlegur vilji fyrir því að þróa og dýpka samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja enn frekar.

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin tengjast sterkum landafræðilegum, sögulegum, félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum böndum. Við höfum að miklu leiti sömu afstöðu til mikilvægra málefna á sviði utanríkismála, lýðræðis, mannréttinda, friðar og öryggis. Samanlögð stærð efnahags landanna næði ekki einungis inn í G20 heldur einnig G10.

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin eiga nú þegar í nánu samstarfi sem er með ýmsu sniði. Norræna ráðherranefndin á í samstarfi við Eystrasaltsríkin á ýmsum sviðum, svo sem um orkurannsóknir og réttarfarsleg málefni. Eystrasaltsríkin taka einnig fullan þátt í Norræna ráðherranefndinni um stafræna væðingu (MR-Digital). Nýtt samstarf við Eystrasaltsríkin er þróað og hafið á sviðum þegar ríkin eiga sameiginlega hagsmuni af því. Til dæmis má nefna net Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um brotastarfsemi á



vinnumarkaði sem verður tekið í notkun 1. janúar 2025. Einnig fer náið samstarf fram í gegnum skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen.

Á vettvangi ESB eiga norrænu aðildarríkin og Eystrasaltsríkin (NB6) í nánú samstarfi um ýmis málefni sem þau hafa líka afstöðu til. Þetta er mikilvægt fyrir sameiginleg áhrif okkar innan ESB. Þetta á til dæmis við um stafræna þróun, innri markað ESB, umhverfis- og loftslagsmál og sambandið við Rússland.

Óformlegt samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um utanríkis- og öryggismál (NB8) er einnig mikilvægt. Innan þessa ramma er traustur stuðningur við Úkraínu áfram forgangsattriði. Á fundi utanríkisráðherra NB8-ríkjanna í Visby 9. til 10. apríl var einstöku verkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um að styðja ESB-umsókn Úkraínu hrint úr vör, með hópi reyndustu ESB-sérfræðinga landa okkar. Auk þess skaðar það forsendur fyrir mikilvægt og aukið samstarf um öryggis- og varnarmál á svæðinu, þar sem öll löndin eru nú aðilar að NATO.

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja er mikilvægt til að bregðast við áskorunum í umheiminum sem og fyrir sameiginlegt öryggi og velferð okkar.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Álit forsætisnefndar

Ríkisstjórnir Norðurlandana vísa til hins góða og þróaða samstarfs Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna meðal annars innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar, NB8, ESB og NATO. Ríkisstjórnirnar lýsa yfir vilja til að efla samstarfið enn frekar og vísa einnig til ýmissa nýrra samstarfssviða sem þegar eru í þróun.

Lagt er til að Norðurlandaráð tilmælin til greina og telji þau endanlega afgreidd af hálfu ráðsins. Forsætisnefndin mun fylgjast með vinnu ríkisstjórnanna við að efla samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja af miklum áhuga.

Maríuhöfn, 17. september 2024

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Heléne Björklund (S)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Lars-Christian Brask (LA)

Sandra Listerby (lib)

Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)

Helge Orten (H)

Maria Stockhaus (M)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Juho Eerola (saf)

